



Utanríkisráðuneytið  
b.t. starfshóps um aðgerðir gegn gullhúðun

Sent á [Samráðsgátt](#)

Reykjavík, 26. febrúar 2024

## Efni: Ábendingar Samtaka iðnaðarins um gullhúðun EES-reglna

### I. Almenn

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI”) vilja koma á framfæri ábendingum við starfshóp utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun. Um er að ræða ábendingar um einstaka innleiðingu á EES regluverki sem samtökin telja að hafi falið í sér gullhúðun, þ.e.a.s. að gengið hafi verið lengra og íþyngjandi ákvæði sett umfram þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í EES-gerðum við heimfærslu í íslenskan rétt. Samtökin fagna skipan starfshóps utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun mjög og telja tímabært að horft verði til samkeppnishæfni Íslands við hvers kyns lagasetningu, hvort sem um ræðir innleiðingu á regluverki Evrópusambandsins í gegnum EES, eða séríslensk lög. SI taka hér fyrir nokkur dæmi um gullhúðun frá undanförunum árum en benda á að þau eru ekki tæmandi.

### II. Gullhúðun dregur úr samkeppnishæfni

Samtökin hafa ítrekað bent á það á síðastliðnum árum, í umsögnum um lagafrumvörp til ráðuneyta og Alþingis, greinarskrifum og skýrslum, að íslensk stjórnvöld séu oft á tíðum að ganga lengra en regluverk Evrópusambandsins, tekið upp í EES rétt, mælir fyrir um eða gerir ráð fyrir. Dregur það úr samkeppnishæfni Íslands og íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Hefur þetta til að mynda átt sér stað í eftirfarandi málaflokkum:

- Losunarheimildir (ETS)
- Fjarskipti
- Lyf og lækningatæki
- Persónuvernd
- Umhverfis-, orku- og loftslagsmál

SI vilja nota tækifærið og benda starfshópnum á skýrslu sem unnin var af sænska eftirlitsráðinu um innleiðingu löggjafar (Regelradet) um gullhúðun og helstu sjónarmið við innleiðingu ESB löggjafar. Skýrslan ber heitið „Clarifying Gold Plating – Better Implementation of EU legislation“.<sup>1</sup>

### III. Ábendingar um einstök mál

Eftirfarandi eru ábendingar um einstök mál þar sem SI telja að gullhúðun hafi átt sér stað. Athugið að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

---

<sup>1</sup> Sjá hér: <https://www.regelradet.se/wp-content/uploads/2012/03/Clarifying-Gold-Plating.pdf>

## 1. Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018

Við innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679/ESB (hér eftir „persónuverndarreglugerðin“) í íslenskan rétt komu samtökin, ásamt öðrum hagsmunasamtökum, á framfæri athugasemdum er lutu að því að gengið væri lengra en nauðsyn væri með íþyngjandi sérreglum umfram það sem nágrannabjóðir á Norðurlöndunum gerðu. Að sama skapi var gagnrýnt að það svigrúm sem persónuverndarreglugerðin heimilar til setningu ívilandi undanþáguheimilda væri ekki nýtt nema að litlu leyti. Þá var jafnframt lögð áhersla á að reglugerðin legði verulega auknar byrðar á fyrirtæki og aukinn kostnað fyrir atvinnulífið. Samtökin komu á framfæri fjölmörgum athugasemdum og vísast í umrædda umsögn þar um.<sup>2</sup> Ekki var tekið tillit til umræddra athugasemda og innleiðing persónuverndarlöggjafarinnar hafði eðli málsins samkvæmt afar íþyngjandi áhrif á atvinnulíf. Við innleiðingu löggjafarinnar virðist helst hafa verið horft til athugasemda og ráðgjafar Persónuverndar fremur en fulltrúa atvinnulífsins og fyrirtækja. Auknar skyldur og aukinn kostnaður á atvinnurekendur hefur eðli málsins samkvæmt áhrif á verðlag og verðlagningu þeirra aðila sem kostnaðurinn leggst á. Má því leiða að því líkum að breytingarnar hafi haft verðlagshækkanir í för með sér auk aukinna íþyngjandi rekstrarskilyrða. Síðar tóku lögin breytingum með gildistöku laga nr. 16/2023 og skiluðu samtökin í sameiningu með öðrum hagsmunasamtökum umsögn vegna þeirra breytinga sem boðaðar voru.<sup>3</sup> Þrátt fyrir að tekið hafi verið tillit til athugasemda samtakanna gafst ekki tækifæri til að endurskoða upprunalegar athugasemdir og að mati samtakanna er full ástæða til að endurskoða ákvæði sem standa enn óbreytt og ganga lengra en þörf er á. Má í því samhengi nefna 3. mgr. 48. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir pvl.). Ákvæðið fjallar um refsiviðurlög vegna brota á þagnarskyldu persónuverndarfulltrúa en hvergi á Norðurlöndunum er að finna jafn íþyngjandi viðurlög og hérlendis. Þá gefur ákvæði pvl. um rafræna vöktun Persónuvernd svigrúm til þess að setja reglur án nokkurs samráðs. Að mati samtakanna ætti að setja sérstök lög um rafræna vöktun og afnema ákvæðin í pvl. Að lokum benda samtökin á að í 12. gr. pvl. er ekki nýtt heimild í 88. persónuverndarreglugerðarinnar en þar hefði verið hægt að bæta við heimild fyrir einkaaðila til að vinna með upplýsingar í atvinnutengdu samhengi á grundvelli ákveðinna skilyrða.

## 2. Upplýsingar um birgðastöðu lyfja og lækningatækja 224. mál, 154. löggjafarþing – til meðferðar á þingi

Frumvarp til laga um upplýsingar um birgðastöðu lyfja og lækningatækja (upplýsingar um birgðastöðu) var lagt fram á síðasta og aftur á núverandi löggjafarþingi og er málið enn til meðferðar í þinginu. Með frumvarpinu stendur til að innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2022/123/ESB (hér eftir „reglugerðin“) með það að markmiði að tryggja að ekki komi til skorts á nauðsynlegum lyfjum og lækningatækjum hér á landi, sérstaklega þegar slíkt getur verið ógn við lýðheilsu. Í umsögn samtakanna voru gerðar alvarlegar athugasemdir við að stjórnvöld hygðist innleiða reglugerðina inn í íslensk lög með víðtækum, óskýrum og ómarkvissum hætti þannig að erfitt yrði fyrir fyrirtæki að átta sig á hvernig uppfylla eigi kröfurnar.<sup>4</sup> Lögðu samtökin áherslu á að íslensk stjórnvöld hygðust ganga

<sup>2</sup> Sjá sameiginlega umsögn SI ásamt SA, SAF, Samorku, SFF, SFS, SVÞ og Viðskiptaráðs, dags. 5. júní 2018: <https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/sameiginlega-umsogn-sa-svthsi-samorku-sfs-saf-sff-og-vidskiptarads-um-nyja-personuverndarloggjof-lokautgafa.pdf>

<sup>3</sup> Sjá sameiginlega umsögn SI ásamt SA, SAF, Samorku, SFF, SFS, SVÞ og Viðskiptaráðs, dags. 8. desember 2022: <https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Personuvernd-476.-mal-2022.pdf>

<sup>4</sup> Sjá umsögn samtakanna, dags. 12. október 2023: [https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/SI\\_SLH\\_Umsogn\\_Loggjof-um-birgdastodu-laekningataekja\\_121023.pdf](https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/SI_SLH_Umsogn_Loggjof-um-birgdastodu-laekningataekja_121023.pdf)

mun lengra en þörf væri á þar sem að reglugerðin kveður ekki á um vöktun á birgðastöðu allra lyfja heldur einungis lyfja og lækningatækja sem skilgreind eru af stýrihópi á vegum Lyfjastofnunar Evrópu við tiltekna aðstæður. Þá kveður reglugerðin ekki á um rauntímaaðgang né skyldu aðildarríkjanna að setja upp gagnagrunn með tilheyrandi kostnaði líkt og fram kemur í frumvarpinu. Útfærsla frumvarpsins er í andstöðu við þær ábendingar um nauðsyn skilgreiningar sem fram komu í minnisblaði heilbrigðisráðuneytisins sem sent var á velferðarnefnd á síðasta löggjafarþingi þann 25. maí 2023.

Forsenda þess að leggja jafn íþyngjandi kröfur á lyfja- og lækningatækjaframleiðendur hér á landi og til stendur að gera með fyrirhugaðri lagasetningu og hvað þá heldur í ljósi þess að íslensk stjórnvöld hyggjast ganga mun lengra en reglugerðin gerir ráð fyrir, hlýtur að vera sú að fram komi sterk og sannfærandi sjónarmið og rök af hálfu löggjafans. Fyrirliggjandi gögn sýna ekki fram á slík sjónarmið né nauðsyn. Að mati samtakanna myndi umrætt frumvarp til laga í óbreyttri mynd skapa mikla óvissu, kostnað og tjón fyrir fyrirtæki í líf- og heilbrigðistækni hér á landi.

### **3. Lög um ársreikninga nr. 73/2016**

#### **536. mál, 154. löggjafarþing – til meðferðar á þingi**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarmörk og endurskoðun ársreikninga) var lagt fram á núverandi löggjafarþingi. Lagt er til að viðmið um heildareign, hreina veltu og meðalfjölda ársverka örfélaga hækki í samræmi við ársreikningatilskipun Evrópusambandsins 2013/34/ESB. Jafnframt er lagt til að námundað verði til hækkunar við útreikning viðmiða um heildareign og hreina veltu lítilla, meðalstórra og stórra félaga og samstæðna. Samtökin taka undir markmið frumvarpsins og benda á að efnistöð núverandi laga ganga mun lengra en tilskipun 2013/34/ESB kveður á um. Má þar m.a. nefna mun lægri mörk örfyrirtækja, íþyngjandi skyldur á lítil- og örfyrirtæki að skila ársreikningum til opinberrar birtingar ásamt íþyngjandi viðurlögum við að skila ekki ársreikningi við slit félags.

Áhrif íþyngjandi viðmiða hérlendis hafa m.a. í för með sér að félögum er gert að birta upplýsingar um rekstur og ráðast í kostnaðarsama endurskoðun ársreikninga sem sambærilegum félögum innan EES-svæðisins er ekki skylt að gera. Dæmi um þetta er að viðmiðunarmörk eru það lág að félag sem telst lítið byggingarfélag hérlendis er sett undir sömu reikningsskilaskilyrði og stærstu fyrirtæki landsins. Hlutfallslegur kostnaður þessara aðila vegna kvaðanna er langt úr hófi og skekkir samkeppnisstöðu og veikir rekstrarstöðu örfélaga og lítilla félaga hér á landi samanborið við félög í sömu stöðu í öðrum löndum EES-svæðisins.

### **4. Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu, lög nr. 91/2023**

Lög nr. 91/2023 um Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu tóku gildi þann 14. desember 2023. Í viðbótarumsögn samtakanna um málið var lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að persónuverndarkröfur væru skýrar og aðgengilegar svo menntatæknifyrirtæki geti tryggt að lausnir þeirra uppfylli persónuverndarkröfur og kaupendur geti með öruggum hætti metið hvort lausnin standist kröfur.<sup>5</sup> Þannig væri hagkvæmast að miðlæg vottun væri til staðar fyrir sveitarfélög en aukin ábyrgð fylgir tæknilausnum fyrir börn og því afar mikilvægt að áhrif vinnslu gagna séu skýr. Samkvæmt persónuverndarlögum þarf sérhvert sveitarfélag að leggja sitt eigið

<sup>5</sup> Sjá viðbótarumsögn samtakanna, dags. 21. nóvember 2023: [Umsogn SI IEI Midstod-menntunar-og-skolathjonustu vidbotarumsogn 101123-.pdf](#)

mat á áhrif persónuverndar við sérhverja menntatæknilausn. Ferillinn við úttekt getur því í sumum tilfellum kostað hundruð þúsunda og upp í fleiri milljónir. Úttektirnar eru oft á tíðum langtum kostnaðarsamari en kaup og innleiðing á menntatæknilausnunum sjálfum. Þetta leiðir til þess að fá sveitarfélög munu geta nýtt sér menntatækni skólakerfinu til framdráttar og mun það auka á ójöfnuð og draga úr gæðum kennslu. Í umsögninni var jafnframt bent á að regluverkið væri enn mjög óljóst, tæki sífelldum breytingum, fáir úrskurðir væru til staðar og að Persónuvernd héraðs gangi lengra en sambærilegar stofnanir annars staðar í Evrópu. Sveitarfélög og fyrirtæki hafa kallað eftir upplýsingum frá Persónuvernd í viðleitni við að tryggja sig gagnvart ósamræmdri túlkun laga og tryggja að farið sé með persónuupplýsingar barna eftir þeim aðferðum sem Persónuvernd telur æskilegast. Hefur Persónuvernd ekki veitt slíkar upplýsingar þrátt fyrir skýrt ákall þar um og því er í raun ómögulegt fyrir fyrirtæki og sveitarfélög að tryggja rétta meðhöndlun gagna. Að mati samtakanna er það umhugsunarvert að Persónuvernd hafi lagt gífurlega vinnu í málarekstur við einstaka sveitarfélög vegna innleiðingar á menntatæknilausnum. Nærtækt dæmi er að Reykjavíkurborg fékk fyrir fáeinum árum 5 milljóna króna sekt fyrir notkun á erlendri menntatæknilausn þrátt fyrir að það komi skýrt fram að „ekkert tjón virtist hafa orðið vegna brotanna, ekkert benti til annars en að almennt upplýsingaöryggi [menntatæknilausnarinnar] væri fullnægjandi og að Reykjavíkurborg svaraði erindum Persónuverndar við meðferð málsins með skýrum og greinargóðum hætti“. Þann 5. febrúar sl. felldi Héraðsdómur Reykjavíkur úr gildi umrædda stjórnvaldsákvörðun Persónuverndar og staðfesti að Persónuvernd hefði beitt of strangri túlkun m.a. varðandi skilgreiningu á viðkvæmum upplýsingum og tók tillit til svara Reykjavíkurborgar og hvernig brot væri flokkað alvarlegt og umfangsmikið.<sup>6</sup>

Ofangreint er birtingarmynd þess að gríðarleg áhætta fylgir innleiðingu á menntatæknilausnum í skólasterfi fyrir ábyrgðaraðila þar sem engin skýr viðmið eða upplýsingar eru til staðar um þær kröfur og reglur sem þeir skuli fylgja. Þannig standa innlend menntatækniyrirtæki höllum fæti í samanburði við keppinauta í Evrópuríkjum sem standa fremst í innleiðingu menntatæknilausna.

## **5. Umferðarlög, nr. 77/2019**

### **400. mál, 154. löggjafarþing – til meðferðar á þingi**

Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum var lagt fram á núverandi löggjafarþingi og er enn til meðferðar á þingi. Til stendur að innleiða reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins 2020/1054/ESB frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð nr. 561/2006/ESB að því er varðar lágmarkskröfur um daglegan og vikulegan hámarksaksturstíma, lágmarksvinnuhlé og daglegan og vikulegan hvíldartíma og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2018/645/ESB frá 18. apríl 2018 um breytingu á tilskipun 2003/59/ESB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga. Samtökin hafa í tvígang skilað umsögn vegna málsins, nú síðast þann 24. nóvember 2023.<sup>7</sup> Í umsögnum sínum gerðu samtökin athugasemdir við að 3. másl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga verði orðuð á þann veg að aðeins verði heimilt að ljúka endurmenntun atvinnubílstjóra í farþega- og farmflutningum að hluta til í fjarnámi en þeim hefur hingað til verið heimilt að sinna endurmenntun sinni að öllu leyti í gegnum fjarnám. Í kafla 2.5 í frumvarpi laganna um tilgang og nauðsyn lagasetningar vegna innleiðingar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2018/645/ESB segir að:

<sup>6</sup> Héraðsdómur Reykjavíkur mál nr. E-4081/2023, 5. febrúar 2024.

<sup>7</sup> Sjá umsögn samtakanna, dags. 23. nóvember 2023: [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-umferdarlogum-nr.-772019-EES-reglur-400.-mal.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-umferdarlogum-nr.-772019-EES-reglur-400.-mal.pdf)

*„Ákveðinir námsþættir eru taldir krefjast verklegrar þjálfunar þar sem ekki er hægt að kenna þá með fullnægjandi hætti í fjarnámi. Sökum þess er í tilskipuninni mælt fyrir um að ekki skuli kenna meira en 12 kennslustundir af 35 í fjarnámi. Með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 155/2022 kemur fram aðlögunartexti þess efnis að krafa um hámarksfjölda kennslustunda í fjarnámi eigi ekki við um Ísland. Þær kröfur eru þó gerðar að kennsla skuli samanstanda af fræðilegri og verklegri kennslu.“*

Sérstaklega er fjallað um það í EES gagnagrunni stjórnvalda hverjar ástæðurnar voru fyrir því að Ísland óskaði eftir undanþágu frá hömlum reglugerðar ESB á því hversu stóran hluta endurmenntunar ökumanna sé heimilt að taka í fjarnámi. Þar er tekið fram að fáist ekki undanþága frá nefndu ákvæði reglugerðarinnar muni það gera nemendum utan höfuðborgarsvæðisins erfitt um vik að sækja sér endurmenntun. Að mati samtakanna skýtur það því skökku við að nú sé lögð til breyting á 58. gr. umferðarlaga þrátt fyrir að aðlögunartexti hafi verið samþykktur og þá án nokkurrar umfjöllunar um áður nefnd byggðarsjónarmið sem voru þess valdandi að Ísland óskaði eftir nefndum aðlögunartexta. Með því að afnema möguleika atvinnubílstjóra til endurmenntunar að öllu leyti með fjarnámi er verið að leggja meira íþyngjandi kröfur á viðkomandi starfstétt en nauðsynlegt er samkvæmt mati sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þá ber að mati samtakanna að huga að því að námskrá endurmenntunar atvinnubílstjóra gerir ráð fyrir bæði bóklegri og verklegri kennslu en í flestum tilvikum er verklegi hluti hennar valkvæður að undanskilinni verklegri kennslu valáfanga sem ekki eru skylduáfangar. Nemendur geta því, líkt og kennsluáætlun er sett fram, sinnt endurmenntunarskyldu sinni alfarið með bóklegri kennslu kjósi þeir svo. Fyrirhugaðar lagabreytingar leiða því til þess að valkvæðir verklegir hlutar endurmenntunar atvinnubílstjóra verði að skyldu án þess að fjallað sé um áhrif þess í texta frumvarpsins með framangreindum erfiðleikum nemenda utan höfuðborgarsvæðisins til að sækja sér verklega endurmenntun í samræmi við námskrá. Með hliðsjón af þegar veittri undanþágu samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í aðlögunartexta tilskipunarinnar er það mat samtakanna að ekki skuli ganga lengra en nauðsyn þykir við lögfestingu og innleiðingu íþyngjandi Evrópureglna sem Íslandi hefur verið veitt sérstök undanþága frá. Ákvæði 3. málsl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga er í fullu samræmi við efni tilskipunarinnar á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar og þarfnast ekki breytingar. Sé það mat löggjafans og stjórnvalda að nauðsynlegt sé að atvinnubílstjórar sæki tiltekna verklega endurmenntun á nánar tilgreindu tímabili er eðlilegra að sú krafa skuli útfærð nánar í reglugerð ráðherra um ökuskirteini nr. 830/2011 með vísan til 2. málsl. 10. mgr. 58. gr. umferðarlaga og eftir atvikum útfært við endurskoðun námskrár endurmenntunar atvinnubílstjóra en endurskoðun námskrárinnar er þörf að mati SI.

## **6. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, lög nr. 96/2023**

Lög nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir tóku gildi þann 22. desember 2023. Samtökin skiluðu umsögn vegna málsins bæði við áform ásamt við framlagningu á drögum að frumvarpinu í samráðsgátt Stjórnarráðsins sem og þegar málið var til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd.<sup>8</sup> Meðal atriða sem samtökin bentu á voru refsíákvæði frumvarpsins en verulega stór hluti efnis þeirra tekur með einum eða öðrum hætti á þvingunarúrræðum, stjórnsluviðurlögum og refsiviðurlögum vegna vanefnda á skyldum og í ýmsu tilliti án tillits til þess hvort ásetningur hefur legið að baki eða einfaldar yfirsjónir. Í því samhengi bentu samtökin sérstaklega á að rétt væri að taka upp ákvæði ETS-tilskipunar ESB sem varða þvingunarúrræði og viðurlög. Leiða skuldbindingar ríkisins til innleiðingar ákvæða sem fela í sér þvingunarúrræði eða viðurlög enda af þeirri tilskipun. Hins vegar er í 1. mgr. 16.

<sup>8</sup> Sjá umsögn SI, dags. 7. desember 2023: [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-vidskiptakerfi-ESB-med-losunarheimildir-ad-ETS-frumvarpi\\_543.-mal.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-vidskiptakerfi-ESB-med-losunarheimildir-ad-ETS-frumvarpi_543.-mal.pdf)

gr. tilskipunarinnar að finna þá meginreglu að aðildarríkjunum sé skylt að lögfesta viðurlagaheimildir vegna brota gegn ákvæðum landslaga sem fela í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipunarinnar. Er það orðað svo að aðildarríkin skuli grípa til allra ráða til að tryggja að farið verði eftir slíkum ákvæðum en viðurlögin skuli hafa virkni, vera viðeigandi og letja menn til brota. Skyldur aðildarríkjanna snúa ekki aðeins að löggjöf heldur framkvæmd. Hér á landi var hins vegar ekki tekið tillit til ofangreindra athugasemda SI heldur var farin sú leið að nota nær öll verkfærin í verkfærakistu viðurlagasmiða, m.a. stöðvun starfsemi, dagsektir sem ekki falla niður við efndir, stjórnvaldssektir og refsingar. Samtökin velta fram þeirri spurningu hvort sú útfærsla samræmist sjónarmiðum um meðalhóf og hvort ekki sé lögð full rík áhersla á varnaðaráhrif. Átelja SI þessa útfærslu og er það mat samtakanna að ákvæðið skuli endurskoðað, m.a. að teknu tilliti til umfjöllunar og ábendingar á tilskipun ESB.

## **7. Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021 (EES-reglur, hringrásarhagkerfi)**

Með lögum um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald voru innleiddar ýmsar Evrópureglugerðir á sviði úrgangsmála, þ.e. tilskipanir 2018/850/ESB, 2018/851/ESB og 2019/904/ESB. SI skilaði ásamt öðrum hagsmunasamtökum umsögn þar sem gagnrýnt var að vikið hafi verið frá lágmarkskröfum tilskipananna í frumvarpsdrögum og frávikin hefðu íþyngjandi áhrif á framleiðendur og innflytjendur. Þá var ennfremur gagnrýnt að mat á áhrifum frumvarpsins hafi verið ófullnægjandi enda var ekki gerð tilraun til að leggja fjárhagslegt mat á samþykkt frumvarpsins fyrir atvinnulífið sem vakti furðu þar sem við undirbúning frumvarpsins var þó unnið mat á fjárhagsáhrifum á sveitarfélög í nánu samráði við Samband íslenska sveitarfélaga.<sup>9</sup>

Þá var bent á að útvíkkun framleiðendaábyrgðar, sbr. 24. gr. laga nr. 55/2003 myndi hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir atvinnurekendur. Var í því samhengi bent á svohljóðandi ákvæði 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2008/98/ESB: „Þegar rýmkaðri ábyrgð framleiðanda er beitt skulu aðildarríkin taka tillit til tæknilegs og efnahagslegs framkvæmanleika, sem og til heildaráhrifanna á umhverfið, heilbrigði manna og samfélagið og virða þörfina til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.“ Í ljósi framangreinds töldu samtökin sérstakt tilefni til þess að lögin innihéldu sérstakt hagsmunamat þar sem gerð væri annars vegar grein fyrir samspili umhverfislegs ávinnings ákvæða laganna og lágmarkskröfum Evrópugerðanna og hins vegar samspili slíks ávinnings og þeirra viðbótarkrafna sem lögin kveða á um.

## **8. Lög um fjarskipti, lög nr. 70/2022**

Með lögunum var ætlunin að lögfesta það sem er kallað „fjarskiptapakki Evrópusambandsins frá 2018“, nánar tiltekið tilskipun 2018/1972/ESB frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (hér eftir „Kóðinn“) og reglugerð 2018/1971/ESB frá 11. desember 2018 um evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði fjarskipta. Var um að ræða heildarendurskoðun á regluverki fjarskipta á Íslandi. SI ásamt Samtökum atvinnulífsins skiluðu umsögn um málið<sup>10</sup> og vísuðu þar einnig til fyrri umsagna. Lítið tillit var tekið til umsagna samtakanna á fyrri stigum þrátt fyrir athugasemdir sem lutu meðal annars að gullhúðun við innleiðingu og íþyngjandi kvaða sem draga úr samskiptahæfni fjarskiptafyrirtækja hér á landi. Um umfangsmikla og tæknilega lagasetningu var að ræða og athugasemdir samtakanna því

<sup>9</sup> Sjá sameiginlega umsögn SI ásamt SA, SAF, SFS og SVP, dags. 29. apríl 2021: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/151/151-2738.pdf>

<sup>10</sup> Sjá umsögn SI og SA, dags. 25. apríl 2022: [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Fjarskiptafrumvarp\\_SI\\_SA\\_april\\_2022\\_lokadrog.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Fjarskiptafrumvarp_SI_SA_april_2022_lokadrog.pdf).



yfirgripsmiklar og nokkuð ítarlegar. Lutu athugasemdir m.a. að stjórnvaldssektaákvæði Fjarskiptastofu í 103. gr. laganna sem meðal annars nær til einstaklinga, þrátt fyrir að slíkar stjórnvaldssektir felist ekki í tilvitnaðri tilskipun ESB, sem og að vera víðtækari en gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Samtökin hafa vitneskju um fjölmörg atriði sem finna má í lögum um fjarskipti sem vert væri að taka til nánari skoðunar.

#### **IV. Lokaorð**

Samtökin fagna aftur skipan starfshóps utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun og lýsa sig reiðubúin til að veita nánari upplýsingar um einstök mál og styðja með öðrum hætti við vinnu starfshópsins um aðgerðir gegn gullhúðun sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir', written over a horizontal line.

Lilja Björk Guðmundsdóttir  
Yfirlögfræðingur